

Skilablað – Byggðastofnun á Sauðárkróki

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar-eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ eða „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað.

1 Upphaf verkefnis

Í apríl 2014 barst FSR erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um að unnin skyldi þarfagreining og frumathugun vegna nýs húsnæðis fyrir Byggðastofnun á Sauðárkróki.

Verkefnastjóri FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

2 Verklýsing

Byggðastofnun á Sauðárkróki hefur verið til húsa í frekar óhagstæðu leiguþúsnaði á Sauðárkróki. Þar sem leigusamningur var um það bil að renna út óskaði stofnunin eftir því, í samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti að FSR ynni með þeim þarfagreiningu og í framhaldi af því frumathugun um húsnæðismál stofnunarinnar. Verkefnið fékk heitið Byggðastofnun – nýtt húsnæði – frumathugun og þarfagreining.

Bókhalds- og greiðslupjónusta var hjá FSR.

3 Verknúmer

Verkbeiðnin er dagsett 8. apríl 2014 og verkefnið fékk verknúmerið 609 0060.

4 Framvinda

Unnin var þarfagreining í samvinnu við forstjóra og starfsmenn Byggðastofnunar. Niðurstaða hennar var að stofnunin þarfnaðist um 700 m² hefðbundins skrifstofuhúsnæðis. Í frumathugun var bent á hefðbundnar leiðir til lausnar, leið eitt að auglýst yrði eftir húsnæði til leigu, leið tvö að auglýst yrði eftir húsnæði til kaups og leið þrjú að byggt yrði húsnæði fyrir stofnunina.

5 Kostnaður verksins

Kostnaður verkefnisins var 1.447.823 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða frumathugunar var að hagstæðasti kosturinn væri að auglýsa eftir húsnæði fyrir stofnunina á Sauðárkróki.

7 Ákvörðun verkkaupa

Í febrúar 2015 var auglýst var eftir húsnæði á staðnum en auglýsingin bar ekki árangur. Í framhaldi af því varð hlé á verkefninu, en 2016 var FSR beðin um að uppfæra þarfagreiningu og var þá meðal annars bætt við bílageymslu í húsið. Niðurstaða uppfærðu þarfagreiningarinnar var að húsnæðispörfin væri um 900 m².

8 Verklok

Þar sem auglýsing eftir húsnæði á staðnum bar ekki árangur heimilaði fjármála- og efnahagsráðuneytið snemma árs 2016, að stefnt skyldi að því að byggja nýtt húsnæði fyrir stofnunina. Fyrir þá framkvæmd var stofnað nýtt verknúmer, 604 0040, í maí 2016 og verkkaupi er Byggðastofnun.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri



Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri